



Ársskýrsla
Fjölbrautaskólans í
Garðabæ 2013

Febrúar 2014

	<i>Efnisyfirlit</i>	
1	<i>Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ</i>	3
	1i <i>Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ</i>	3
	1ii <i>Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ</i>	3
	1iii <i>Leiðir að markmiðum</i>	3
2	<i>Skólasamningur</i>	8
	2.i <i>Viðauki 1. Markmið skólans á næstu árum</i>	8
3	<i>Starfsemi skólaárið 2012</i>	9
	3.i <i>Vorönn 2012</i>	9
	3.ii <i>Haustönn 2012</i>	10
4	<i>Sjálfsmat</i>	10
5	<i>Námsframboð</i>	10
6	<i>Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna</i>	11
	6.i <i>Stærð húsnæðis</i>	11
	6.ii <i>Fjöldi nemenda</i>	11
	6.iii <i>Brottfall nemenda á undanförnum önnum</i>	12
	6.iv <i>Skipting nemenda á námsbrautir og eftir kynjum á vorönn 2012 og haustönn 2012</i>	12
	6.v <i>Aldursskipting nemenda á vorönn 2012 og haustönn 2012</i>	13
	6.vi <i>Dreifing nemenda á bæjarfélög árið 2012</i>	13
	6.vii <i>Meðalstærð námshópa vorönn 2013 og haustönn 2012</i>	14
7	<i>Starfsfólk</i>	
	7.i <i>Fjöldi kennara og annars starfsfólks</i>	14
	7.ii <i>Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum</i>	14
	7.iii <i>Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans</i>	14
	7.iv <i>Hverjir teljast til stjórnenda skólans</i>	14
	7.v <i>Kynjaskipting starfsfólks</i>	15
	7.vi <i>Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum</i>	15
	7.vii <i>Menntun kennara og stjórnenda</i>	15
	7.viii <i>Starfsaldur kennara og stjórnenda</i>	15
	7.ix <i>Kennsluhættir í FG</i>	15
8	<i>Fjármál skólans</i>	16
	<i>Viðauki prófill skólans</i>	18

1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- bjóða upp á fjölbreytt og gott nám,
- hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum,
- auka víðsýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfna þá í gagnrýninni hugsun,
- efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi,
- þjálfna nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.

1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Markmiðum þessum hyggst skólinn ná með því að:

- ❖ auka námsframboð og efla kennslu og stoðþjónustu,
- ❖ gera stjórnun skilvirka,
- ❖ skapa gott húsnæði og bæta búnað,
- ❖ efla hollt félagslíf nemenda,
- ❖ bæta umgengni í skólanum,
- ❖ bæta ástundun nemenda,
- ❖ auka samvinnu við íbúa, fyrirtæki og aðra skóla,
- ❖ efla útgáfustarfsemi og kynningu á starfsemi skólans.

1ii Stefnuskrá Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Stefnuskráin var síðast endurskoðuð haustið 2009 og þarfnast endurskoðunar. Því eru einstakir þættir ekki alveg réttir og hafa tekið breytingum. Stefnuskráin verður endurskoðuð í heild vorið 2013.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ vill með stefnuskrá sinni skapa hin bestu skilyrði til að þjóna því hlutverki sem honum er ætlað samkvæmt lögum, reglugerðum og Aðalnámskrá framhaldsskóla. Stefnuskráin er unnin af starfsmönnum og nemendum skólans og er árlega tekin til endurskoðunar. Stefnuskráin er birt á [heimasíðu skólans](#).

1iii Leiðir að markmiðum

Markmiðum FG hyggst skólinn ná með því að huga sérstaklega að þessum þáttum:

Námsframboð, innritun, kennsla og stoðþjónusta.

- Mikilvægt er að skólinn veiti nemendum eins fjölbreytta og góða þjónustu og unnt er til þess að nemendur hljóti góða almenna menntun og fái um leið góðan undirbúning fyrir framhaldsnám.

Námsframboð

- Áhersla er lögð á traust almennt bóknám í samræmi við Aðalnámskrá framhaldsskóla.
- Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu listnámsbrautar að fengnum tillögum frá kennslustjóra list- og verkgreina.
- Nýtt húsnæði með bættri aðsöðu til kennslu verður tekið í notkun sem fyrst.

- Skólinn eflir uppbyggingu náms í markaðsfræði, upplýsingafræðum, fjölmiðlafræði, íþróttافرæði og viðskipta- og hagfræði að fengnum tillögum frá kennslustjórum þessara greina.
- Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu náms á starfsbraut 2 að fengnum tillögum frá kennslustjóra brautarinnar. Nýtt húsnæði með bættri aðstöðu til kennslu verður tekið í notkun sem fyrst.
- Skólinn styrkir markvissa uppbyggingu náms á almennri námsbraut að fengnum tillögum frá kennslustjóra brautarinnar. Starfsnám verði hluti af námi brautarinnar. Nemendur myndi sérstaka hópa á brautinni að fengnum tillögum frá kennslustjóra og geri samning við skólann um ástundun.
- Boðið er upp á sérþjónustu í HG-hópi, hópur-hraði-gæði, fyrir nemendur með góðar einkunnir úr 10. bekk grunnskóla.
- Fjarkennsla er í boði í sem flestum áföngum.

Innritun nemenda

- Sérstakar viðmiðunarreglur varðandi innritun nemenda eru árlega afgreiddar í skólaráði og skólanefnd.
- Um skráningu nemenda gilda reglur sem skólaráð setur.

Kennsla

- Kennslustjórar og kennarar taka markmiðssetningu árlega til skoðunar. Í markmiðssetningu komi skýrt í ljós til hvers sé ætlast með náminu og með hvaða hætti það verði best kynnt nemendum.
- Kennslustjórar bendi stjórnendum skólans reglulega á leiðir er hvetji kennara til að örva nemendur í tímum og veita þeim jákvæða athygli og umbun fyrir gott starf.
- Kennslustjórar og kennarar skoða a.m.k. árlega aðferðir við námsmat, s.s. próf, skil verkefna, umbun, takmarkanir o.fl. Hugað verði sérstaklega að samræmi og jafnræði við námsmat.
- Kennsluáætlanir í hverjum áfanga eru lagðar fyrir nemendur í fyrsta tíma námsgreinar á hverri önn. Í kennsluáætlunum er skilgreint hvernig námsmat fyrir hvern áfanga er sett saman.
- Kennslustjórar skipuleggja sérstaka úttekt á námsárangri nemenda skólans með reglulegu millibili. Leitað er skýringa á sýnilegum vandamálum og sérstaklega skoðað hverju megi breyta án þess að kröfur verði minnkaðar.
- Kennslustjórar geta skipulagt samþættingu námsgreina í samráði við viðkomandi kennara.
- Kennslustjórar kanna möguleika á nýjungum í kennsluháttum. Kennarar skipuleggja vettvangskennslu í samráði við kennslustjóra.
- Skólinn veitir viðurkenningar fyrir framúrskarandi námsárangur og frábæra skólasókn eftir settum reglum sem kennslustjórar setja í samráði við aðra stjórnendur skólans.

Stoðþjónusta

- Náms- og starfsráðgjafar verða tveir í samanlagt 175% starfi miðað við 700 - 750 nemendur.
- Stoðþjónusta tekur mið af skólastefnu mennta- og menningarmálaráðuneytis.
- Starfsmenn bókasafns verða tveir í samanlagt 150% starfi miðað við 700 - 750 nemendur.
- Á bókasafni skólans verður góð lesaðstaða fyrir nemendur.
- Bókasafnið býður upp á sem flesta þætti upplýsingatækni.
- Bókasafnsstjórn setur markmið um uppbyggingu safnsins.
- Nemendur með sértæka námsörðugleika fá eins mikla aðstoð við námið og fjárveitingar leyfa.
- Kennslustjórar skipuleggja stoðkennslu í íslensku, ensku og stærðfræði.
- Nemendum skólans er boðið upp á sálfræðiþjónustu á vegum skólans í samráði við námsráðgjafa.

- Nemendum skólans er boðið upp á læknisþjónustu á skólatíma á vegum skólans og Heilsugæslunnar í Garðabæ. Þjónustan er nánar auglýst í skólanum.

Stjórnun

- Verkaskipting er birt í starfslýsingum allra starfsmanna skólans. Stjórnendur skólans gera árlega áætlun um einfaldar og greiðar boðleiðir innan skólans. Reglur skólans skulu vera skýrar og öllum aðgengilegar.

Verkaskipting

- Handbók starfsmanna er endurskoðuð reglulega. Í handbókinni eru allar nauðsynlegustu upplýsingar um starfsemi skólans. Handbók starfsmanna er gefin út í rafrænu formi. Hluti hennar er á heimasíðu skólans og hluti er á samskrá í tölvukerfi skólans.
- Starfslýsingar starfsmanna skólans eru birtar í handbók starfsmanna. Þær eru endurskoðaðar reglulega. Lög, reglugerðir og aðrar tilskipanir frá mennta- og menningarmálaráðuneyti geta breytt starfslýsingum. Á helstu námssviðum eru kennslustjórar ráðnir úr hópi kennara.
- Gæðaráð stýrir sjálfsmati í skólanum. Starfssvið þess er skilgreint í starfslýsingum.
- Gæðastjórnun í skólanum er altæk. Nemendur taki virkan þátt í þessu starfi. Haldinn er opinn fundur einu sinni á önn fyrir nemendur og nemendum verði gert kleift að leggja mat á þá þjónustu sem skólinn býður upp á. Nemendur gera athugasemdir og leggja fram tillögur um það hvernig skólinn á að búa þá undir framtíðina.
- Sjálfsmat í skólanum er unnið með markvissum hætti. Áhersla er lögð á viðhorfskannanir meðal nemenda og starfsmanna. Einnig er lögð áhersla á að próf verði samín og fari fram eftir settum reglum.
- Jafnréttisáætlun skólans er endurskoðuð reglulega og birt á heimasíðu skólans.
- Helstu stjórnendur skólans halda reglulega samráðsfundi.
- Starfsmönnum skólans verði gert kleift eins og unnt er að sækja ráðstefnur og námskeið sem tengjast starfi þeirra.

Boðleiðir

- Fundir skólanefndar eru að jafnaði 3-4 á önn.
- Skólaráð heldur fundi að jafnaði hálfsmánaðarlega á skólatíma. Kennarafundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði á skólatíma.
- Kennslustjórar funda reglulega í samræmi við áætlun sem gerð er í upphafi skólaársins.
- Vinnufundir umsjónarkennara eru skipulagðir í samvinnu við þá í upphafi hvernar annar, sérstaklega í tengslum við námsáætlanir og val.
- Í byrjun hvernar annar eru ákveðnir sérstakir faglegir fundir fyrir kennara sem sinna ýmsum hlutverkum, s.s. kennslustjórn, kennslu ákveðinna námsgreina og umsjón með nemendum.
- Allar almennar tilkynningar til starfsmanna eru sendar í tölvupósti.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, tveir fulltrúar kennslustjóra og námsráðgjafar halda vikulega samráðsfundi.
- Skólameistari, aðstoðarskólameistari og fjármálastjóri halda samráðsfundi vikulega.
- Helstu verkefni vikunnar eru send í tölvupósti í byrjun hvernar viku.
- Umsjónarkennarar fá vitneskju um málefni umsjónarnemenda sinna þegar við á.

Reglur skólans

- Auk laga og reglugerða gilda í skólanum þessar reglur:
 - Almennar skólareglur.
 - Skólasóknarreglur.
 - Reglur um skráningu nemenda.
 - Reglur um forgangsröð við innritun.
 - Reglur um fjárfar.
 - Reglur um skóladansleiki.
 - Reglur um dimission.
 - Reglur um notkun og leigu húsnæðis.
- Reglur skólans eru afgreiddar í skólaráði og sendar skólanefnd.

- Reglur skólans eru endurskoðaðar reglulega.
- Reglur skólans eru birtar á heimasíðu FG.
- Nýjum starfsmönnum og nýjum nemendum er bent á að kynna sér reglurnar á heimasíðu skólans.

Aðstaða

- Mikilvægt er að skólinn geti skipulagt starfsemi sína við eins góðar aðstæður og unnt er. Þess verði sértaklega gætt að gengið sé vel um húsnæði og farið vel með allan þann búnað sem skólinn á. Hugað verði vel að viðhaldi húsnæðis og nauðsynlegum breytingum.

Húsnæði skólans

- Unnið er við undirbúning að viðbyggingu skólans fyrir list- og verkgreinakennslu og kennslu á starfsbraut 2.
- Unnið er að lagfæringum á húsnæði bókasafns og tölvustofa.

Búnaður skólans

- Skólinn kaupir eins fullkominn tölvubúnað og kostur er samkvæmt tillögum tölvu- og tækjanefndar skólans.
- Allur annar nauðsynlegur kennslubúnaður er endurnýjaður samkvæmt tillögum tölvu- og tækjanefndar skólans

Félagslíf nemenda

- Heilbriggt og þróttmikið félagsstarf, þar sem allir nemendur taka virkan þátt, er aðall skólans. Skólinn vill styrkja og efla félagslíf nemenda innan skólans.

Félagslíf fyrir alla

- Skólaráð setur og kynnir áætlun um helstu þætti eins fjölbreytts félagslífs og unnt er.
- Nemendur hafa aðgang að húsnæði skólans utan daglegs skólatíma í samræmi við reglur sem skólaráð setur.

Heilbrigðir lífshættir

- Skólaráð samþykkir áætlun þar sem gert er ráð fyrir að styrkja sérstaklega þá þætti félagslífsins þar sem lítil hættu er á að nemendur neyti áfengis eða ólöglegra vímuefna.
- Forvarnastarf er skipulagt í samvinnu við forvarnafulltrúa, starfsmenn skólans, nemendafélagið, bæjaryfirvöld og allar þær stofnanir sem kunna vel til verka.
- Árshátíð skólans er haldin hverju sinni með vandaðri dagskrá og í skólanum.
- Gala-kvöld er haldið í skólanum einu sinni á skólaári.
- Skólaráð setur reglur um skóladansleiki.
- Skólaráð setur reglur um dimission.

Stuðningur

- Skólinn útvegar nemendafélaginu nauðsynlegan tækjabúnað, s.s. tölvur o.fl.
- Skólaráð fylgist vel með því hvernig fjármunum nemendafélagsins er varið.
- Stjórn skólans veitir nemendum reglulega viðurkenningar fyrir gott félagsstarf.
- Heimilt er með samþykki skólaráðs að leita til fyrirtækja til að styrkja hollar og góðar skemmtanir nemenda í skólanum.

Umgengni

- Skólaráð setur reglur um umgengni í skólahúsnæðinu og á skólalóðinni.
- Húsnæðið og umhverfi þess setur mönnum ákveðin mörk.

Skólahúsnæðið

- Reykingar eru ekki leyfðar í skólanum.
- Engum er leyft að ganga um skólann á útiskóm.
- Skógeymsla er í anddyri skólans og auk þess geta nemendur fengið skápa án gjalds.
- Matar og drykkjar má einungis neyta í mötuneytum nemenda og kennara og Miðgarði.

Lóð skólans

- Umhverfisáætlun skólans er endurskoðuð reglulega og birt á heimasíðu skólans.
- Nemendur eru ráðnir til að þrifa lóð skólans reglulega.

- Bílastæði starfsmanna eru sérstaklega merkt. Sérstök merki á bifreiðum gilda á þeim stæðum. Ómerktar bifreiðar verða fjarlægðar af bílastæðum starfsmanna.
- Lögð er áhersla á gætilegan akstur, sérstaklega vegna ungra vegfarenda. Lögregla og bæjaryfirvöld eru skólanum til aðstoðar í þessum málum.

Ástundun nemenda

- Nemendur eru reglulega minntir á að nám í skólanum er fullt starf sem ber að sinna af alúð og samvirkusemi. Samkvæmt skólasóknarreglum er heimilt að vísa nemanda frá námi og prófum uppfylli hann ekki lágmarkskröfur um skólasókn. Skólaráð afgreiðir álitamál í þessum efnum.

Daglegt starf í skólanum

- Gagnkvæm virðing, kurteisi, heiðarleiki og ábyrgð skulu ríkja í samskiptum nemenda og starfsfólks.
- Vinnufriður skal ríkja í skólanum. Nemendum ber að koma undirbúnir í kennslustundir, vera virkir og lúta verkstjórn kennara. Kennurum er heimilt að vísa nemendum úr tíma valdi þeir ítrekuðu ónæði.
- Umsjónarkennarar kalla nemendur í viðtöl og ræða við þá um skólasókn og ástundun í námi.

Skólasókn

- Skólaráð setur reglur um skólasókn.
- Skytt er að sækja allar kennslustundir stundvíslega.
- Fjarvistaskráning er í höndum kennara.
- Starfsmenn skólans sýni nemendum gott fordæmi með stundvísi. Ekki er hringt inn eða út úr tímum. Kennarar stilla klukkan í kennslustofum og húsvörður á öðrum stöðum í skólanum.
- Nemendum ber að tilkynna veikindi í síma hvern veikindadag. Heildarskólasókn nemenda er skráð í Innu.
- Foreldrar, sem stunda nám við skólann, geti sótt um frjálsa skólasókn til skólaráðs sem setur þeim ákveðin skilyrði varðandi námið.
- Skólasókn getur verið hluti kennaraeinkunnar. Skýrt komi fram í kennsluáætlun hlutfall skólasóknar í kennaraeinkunn.

Samvinna við íbúa, fyrirtæki og aðra skóla

- Húsnæði skólans má nota til ýmiss konar starfsemi utan hefðbundins skólatíma. Íbúum Garðabæjar og Álftaness skal reglulega bent á að húsnæðið gefur mikla möguleika á starfsemi af ýmsu tagi. Þar má nefna fundahöld, tónleika, fyrirlestra, leiksýningar, kvikmyndasýningar, veislur, listsýningar, íþróttaviðburði og skemmtanir af ýmsu tagi. Mikilvægt er að slíkir menningar-, íþrótt- og listviðburðir verði sem mest færðir inn í hefðbundið skólastarf.

Fjölbreytni

- Skólinn býður upp á ýmiss konar kvöld- og helgarnámskeið fyrir almenning.
- Skólinn skipuleggur námskeið fyrir starfsmenn fyrirtækja og félaga í ýmsum samtökum. Kennslustjórar gera áætlanir um gestafyrirlesara í kennslutímum, t.d. úr hópi foreldra nemenda skólans og fyrrverandi nemenda FG. Skólinn greiðir fyrir slíka vinnu.

Eflid verði samvinna við ýmsa aðila

- Skólinn vinnur markvisst að samvinnu við sem flestar stofnanir og félag í Garðabæ, s.s. kirkju, nefndir ýmiss konar og íþróttafélög.
- Skólinn vinnur að samvinnu við ýmis fyrirtæki á svæðinu. Fyrirtækin taki nemendur í starfsþjálfun í samráði við skólann.
- Kennslustjórar skipuleggja samskipti við skóla innanlands og erlendis í samráði við stjórnendur skólans.
- Skólaheimsóknir innan lands eða utan eru árlegir viðburðir.
- Námsferðum er hagað þannig að sem flestir eigi möguleika á þátttöku.
- Góðvinafélag FG heldur a.m.k. einn almennan fund á skólaári í skólanum og kynnir starf sitt.

- Foreldraráð FG heldur a.m.k. einn almennan fund á skólaári í skólanum og kynnr starf sitt. Stjórn félagsins á einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd FG.

Kynningarstarf

- Mikilvægt er að skólinn sé kynntur með skipulögðum hætti sem virk mennta- og uppeldisstofnun með fjölbreytta þjónustu fyrir nemendur á framhaldsstigi og fullorðið fólk.

Útgáfustarf

- Á heimasíðu skólans eru allar upplýsingar um starf Fjölbrautaskólans í Garðabæ. Heimasíðan er uppfærð reglulega. Heimasíðunefnd annast ritstjórn síðunnar.
- Skólinn og nemendafélagið gefa út sameiginlega Fréttablað með helstu upplýsingum um starfsemi skólans. Fréttablaðið kemur út a.m.k. fjórum sinnum á skólaári. Á árinu 2009 var blaðið gefið út í rafrænu formi og birt á heimasíðu skólans.
- Skólaráð hefur eftirlit með útgáfumálum nemenda.

Önnur kynning á starfsemi skólans

- Skólinn gefur út ársskýrslu liðins árs og ársáætlun byrjaðs árs fyrir 15. febrúar (í feb.?)ár hvert.
- Starfsemi skólans er kynnt fyrir íbúum bæjarins með ýmsu móti, s.s. kynningarbæklingum, heimasíðum greina og vönduðum auglýsingum. Íbúum er boðið reglulega í heimsókn í skólann t.d. á sýningar, skemmtikvöld, tónlistarkvöld o.fl. m.a. í samvinnu við foreldraráð skólans.
- Áhersla er lögð á kynningu á góðu almennu bóknámi og sérhæfðu námsframboði skólans, FG sem virkum skóla í samfélagi (Community School) og átaki skólans í ýmsum málum, s.s. forvarnastarfi, reykingabanni, öfluglu og fjölbreyttu félagslífi, almennri umgengni o.fl.
- Skólinn er virkt afl í menningarlífi Garðabæjar.

2 Skólasamningur

Unnið var með ráðuneytinu að nýjum skólasamningi og var hann undirritaður í febrúar 2013. Gildistími samningsins er frá 1. jan. 2013 til 31. desember 2015. Samninginn má sjá á [heimasíðu skólans](#) sem og á heimasíðu mrn. Í viðauka er fjallað um markmið skólans á samningstímanum. Hér er birt yfirlit yfir hvernig gengið hefur að ná þeim markmiðum fram:

2.i Viðauki 1. Markmið skólans á næstu árum

1. Lokið verði við að færa allar brautir inn í námskrárgrunn ráðuneytisins.
 - a. 6 stúdentsbrautir og viðeigandi áfangalýsingar verða settar í grunninn á vorönn 2013. **Þetta hefur ekki verið framkvæmt nema að hluta. Samkvæmt tilmælum frá mrn á ekki að setja meira inn í grunninn meðan óvissa er um lengd stúdentsprófsins.**
 - b. Samdar verði styttri útgáfur allra brauta fyrir lok skólaárs 2014. **Er í fullri vinnslu og verða brautirnar tilbúnar fyrir innritun vorið 2014.**
 - c. Opin braut og tónlistarbraut verði kláraðar á haustönn 2013. **Tónlistarbrautin er tilbúin. Opin braut er enn til umræðu og verður ekki tilbúin á vorönn 2014.**
2. Almennur hluti skólanámskrár verður endurskoðaður á vorönn 2013 í samræmi við aðalnámskrá
 - a. Almenni hlutinn verður birtur á vef skólans á haustönn 2013. **Þessari endurskoðun er ekki lokið en er í vinnslu og mun ljúka á vorönn 2014.**
3. Rekstur skólans verði í samræmi við fjárlög á samningstímanum. **Rekstur skólans er viðunandi og er staða í lok 2013 700.000 kr. í mínus.**

4. Hafið verði samstarf við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar á vorönn 2013 í því skyni að golfiðkendur verði þátttakendur í afrekssviði FG. **Samstarfið er hafið og hafa þegar verið fjórir fundir með GKG og skólanum.**
 - a. Golfiðkendur verði þátttakendur frá haustönn 2013. **Það markmið náðist ekki en stefnt er því að það hefjist á haustönn 2014.**
5. Haldið verði málþing á vorönn 2013 með þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna FG.
 - a. Sérstök áhersla verði á þá stefnu og þau gildi sem skólinn vill hafa í hávegum. **Þingið var haldið í febrúar 2013.**
6. Gerð verði þarfagreining á fræðslu í FG á vorönn 2013 og fræðslu- og endurmenntunaráætlun FG verði endurskoðuð á skólaárinu 2013-2014. **Þetta er í vinnslu.**
7. Starfsmenn fari í skólaheimsókn til Bandaríkjanna á haustönn 2013. **Farið var til Morgantown í Vestur-Virginíu og heimsóttir skólar og hlýtt á fyrirlestra.**
8. Gert verði áttak til að bæta tölvukost skólans á samningstímanum.
 - a. Tölvur verði teknar á rekstrarleigu fyrir bókasafn og tölvustofu frá skólaárinu 2013-2014. **Var gert.**
 - b. Þráðlausum rýmum verði fjölgað og fjöldi þeirra viðunandi vorið 2014. **Var gert.**
 - c. Verkefnastofum verði fjölgað á næstu tveimur árum. **Verið að meta þörf.**
9. Tekið verði upp skráningakerfi ráðuneytisins varðandi brottfall nemenda á vorönn 2013. **Var gert.**

3 Starfsemi skólaárið 2013

3.i Vorönn 2013

Önnin hófst með kennarafundi 4. janúar og töflubreytingum og hófst kennsla mánudaginn 7. janúar. Að venju voru nemendur heldur færri á vorönn eða rúmleg 650. Nemendur voru 110 í fjarnámi og 21 á leikskólabraut sem kennd er síðdegis.

Opinn fundur var að venju í febrúar með nemendum og má sjá [fundargerð](#) á heimasíðu skólans. Sú nýjung var gerð í febrúar að málþing var haldið í samvinnu við foreldraráð og nemendafélagið. Var miklum fjölda starfsmanna, foreldra og nemenda boðið. Fyrir þingið var haldin könnun meðal þessara aðila og má sjá [niðurstöður könnunarinnar](#) á heimasíðu skólans. Enn er ekki fullunnið úr niðurstöðum málþingsins og verður vonandi hægt að gera það í vor þegar stefnuskrá skólans verður endurskoðuð. Félagslíf nemenda var í miklum blóma á önninni. Imbruvika var á sínum stað og settu nemendur upp söngleikinn “Fjögur brúðkaup og jarðarför” við góðan orðstír.

Tveir hópar fóru erlendis á vorönninni. HG- hópurinn endurgalt heimsókn frá Hollandi og hópur nemenda af almennu brautinni fór til London og var það hluti af áfanga sem var skipulagður með þessa ferð í huga. Allar þessar ferðir tókust vel og sýndu að rétt er að fara með ungt fólk í svona ferðir ef vel er að þeim staðið. Það er von okkar að fleiri nemendur geti notið þess að fara erlendis á vegum skólans á næstu árum.

Prófin hófust 2. maí og er það mat skólans að árangur hafi oft verið betri og er spurning hvort þetta eru síðbúin áhrif frá efnahagshruninu eða einfaldlega tilviljun.

Brautskráning fór fram 25.maí og útskrifuðust 82 nemendur. Af þeim útskrifuðust 76 með stúdentspróf, 23 af félagsfræðabraut, 21 af listnámsbrautum, 11 af náttúrufræðibraut, 8 af viðskipta- og hagfræðibraut, 6 af íþróttabraut, 6 af málabraut og einn með viðbótarnám til stúdentsprófs að loknu iðnnámi. Tveir stúdentar luku prófi af tveimur brautum. Tveir nemendur luku stúdentsprófi og tískubraut. Einnig útskrifuðust þrír nemendur af starfsbraut, tveir nemendur af listnámsbrautum, einn nemandi af námsbraut fyrir leikskólaliða, einn nemandi af námsbraut fyrir stuðningsfulltrúa og einn nemandi af framhaldsskólabraut.

Skólinn var tekinn út af mnrn á vorönninni og sá hópur frá fyrirtækinu Attendus um úttektina. Skólinn kom vel út í úttektinni og má sjá [niðurstöður hennar](#) á heimasíðu skólans sem og [viðbragðsáætlun](#)

vegna þeirra athugasemda sem þar komu fram.

3.ii Haustönn 2013

Aðsókn að skólanum var góð og hófu um 750 nemendur nám við skólann á haustönn 2013. Að þessu sinni þurfti að neita fjölda nemenda sem hingað vildu koma um skólavist. Kennarar komu til vinnu 16. ágúst en kennsla hófst 22. ágúst samkvæmt stundatöflu og var skólinn settur sama dag.

Starfsmenn fóru í ferð til Morgantown í Vestur-Virginíu og heimsóttu þar háskóla og framhaldsskóla og hlýddu á áhugaverða fyrirlestra. Skólinn hefur nú farið á þriggja ára fresti í ferð erlendis með starfsmenn í nokkuð mörg ár og er það vel.

Stóráttak var gert í tölvumálum og endurnýjaðar tölvur í einni tölvustofu, bókasafni og flestum kennslustofum. Í lok annarinnar var tekið upp nýtt þráðlaust kerfi sem auðveldar mjög allan aðgang nemenda og starfsmanna að internetinu og hefur það mælst afar vel fyrir.

Opinn fundur var að venju með nemendum í október þar sem nemendur gátu spurt stjórnendur og forystumenn félagslífsins um starfið í skólanum og er [fundargerð](#) birt á heimasíðu skólans.

Próf hófust 2. desember og gengu vel. Brautskráning fór fram 21. desember og brautskráðust 59 nemendur. Af þeim 59 sem útskrifuðust voru 54 nýstúdentar, 17 af félagsfræðabraut, 11 af náttúrufræðibraut, 7 af listnámsbrautum, 6 af viðskipta- og hagfræðibraut, 6 af íþróttabraut, 4 af hönnunar- og markaðsbraut, 2 af málabraut og einn með stúdentspróf að loknu sveinsprófi og að lokum vor brautskráðir 5 nemendur af námsbraut fyrir leikskólaliða.

Sem fyrr er skólinn þátttakandi í heilsueflandi framhaldsskóla og var á haustönn haldið námskeið fyrir starfsmenn í Núvitund. Fyrirhuguð er frekari fræðsla á vorönn.

4 Sjálfsmat

Sjálfsmat er snar þáttur í starfsemi FG. Á hverju ári er gerð [sjálfsmatsáætlun](#) og [skýrsla](#) um sjálfsmat er birt á heimasíðu skólans á hverju ári. Þar er gerð ítarleg grein fyrir sjálfsmati í FG.

5 Námsframboð

Í FG er boðið upp á eftirfarandi fjögurra ára brautir frá og með haustönn 2012.

- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
 - alþjóðasamskiptasvið
 - menningarsvið
 - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)
- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
 - fata- og textílhönnunarsvið
 - leiklistarsvið
 - myndlistarsvið
 - tónlistarsvið
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
 - heilbrigðisvið
 - tæknisvið

- umhverfissvið
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
 - hagfræðisvið
 - viðskiptasvið

Stytttri brautir

- Framhaldsskólabraut
- Verið er að leggja lokahönd á styttri útgáfur eftirfarandi brauta:
 - Alþjóðabraut
 - Félagsvísindabraut
 - Hönnunar- og markaðsbraut
 - Íþróttabraut
 - Listnámsbraut
 - Náttúrufræðibraut
 - Viðskiptabraut

6 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

6.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

6.ii Fjöldi nemenda

Önn	Dagskóli	Fjarnám	Kvöldskóli	Samtals
2009-2	706	170	46	922
2010-1	662	137	38	837
2010-2	711	140	39	890
2011-1	716	165	36	881
2011-2	734	127	27	888
2012-1	691	115	20	806
2012-2	745	161	26	932
2013-1	665	116	21	802
2013-2	728	193	30	951

6.iii Brottfall nemenda á undanförunum önnum

Önn	Hættir*
2007-2	14
2008-1	19
2008-2	10
2009-1	10
2009-2	10
2010-1	10
2010-2	16
2011-1	20
2011-2	10
2012-1	13
2012-2	14
2013-1	26
2013-2	18

* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN

6.iv Skipting nemenda á námsbrautir og eftir kynjum á vorönn 2013 og haustönn 2013

Braut	Vorönn 2013			Haustönn 2013		
	KK	KVK	samtdals	KK	KVK	samtdals
10. bekkur	5	9	14	4	15	19
AN1	3	1	4	11	4	15
AN4	27	12	39	26	10	36
FÉ	44	89	133	44	87	131
HM	2	20	22	3	20	23
Íþ	38	16	54	55	20	75
LL	1	21	22		30	30
LN	37	116	153	36	125	161
MB	4	24	28	6	33	39

NÁ	88	58	146	105	63	168
ST2	10	1	11	9	4	13
VH	35	31	66	43	30	73
VSS	2	2	4	1	1	2
ÓTN	42	65	99	72	94	166
Samtals	338	465	803	415	536	951

6.v Aldursskipting nemenda á vorönn 2013 og haustönn 2012

Ár	2013-1	%	2012-2	%
54-80	9	1,12%	15	1,58%
81	1	0,12%	5	0,53%
82	1	0,12%	3	0,32%
83	2	0,25%	4	0,42%
84		0,00%		0,00%
85	1	0,12%	3	0,32%
86	3	0,37%	6	0,63%
87	5	0,62%	6	0,63%
88	8	1,00%	8	0,84%
89	11	1,37%	11	1,16%
90	17	2,12%	19	2,00%
91	11	1,37%	18	1,89%
92	46	5,74%	23	2,42%
93	129	16,08%	85	8,94%
94	186	23,19%	171	17,98%
95	187	23,32%	196	20,61%
96	168	20,95%	176	18,51%
97	14	1,75%	180	18,93%
98	3	0,37%	22	2,31%
Samtals	802	100,00%	951	100%

6.vi Dreifing nemenda á bæjarfélög árið 2012

Vor 2013		Haust 2013		
4	0,50%	2	0,21%	Akureyri
4	0,50%	4	0,43%	Mosfellsbær
17	2,13%	30	3,19%	Reykjanesbær
45	5,63%	54	5,74%	Landsbyggðin
71	8,88%	111	11,80%	Reykjavík
73	9,13%	59	6,27%	Álftanes
135	16,88%	155	16,47%	Kópavogur
142	17,75%	170	18,07%	Hafnarfjörður
309	38,63%	356	40,93%	Garðabær
800	100,00%	941	100%	

6.vii Meðalstærð námshópa

	V-2012	H-2013	V-2013	H-2013
Fjarnámshópar meðaltal	4,2	4,7	3,7	5,7
Fornámshópar meðaltal	11,4	13,8	12,0	14,3
Bóknámshópar meðaltal	24,1	24,8	23,2	24,5
Verklegir áfangar meðaltal	12,4	12,9	12,3	12,2

7 Starfsfólk

7.i Fjöldi kennara og annars starfsfólks

- Yfirstjórnendur 4
- Kennarar 54
- Aðrir starfsmenn 16

7.ii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 49,75
- Aðrir starfsmenn 15

7.iii Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Elísabet Siemsen
- Áfangastjóri – Snjólaug Elín Bjarnadóttir
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason

7.iv Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósepsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hulda Friðjónsdóttir
- Húsvörður – Sigurður Pálsson
- Kennslustjórar

7.v Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 52 70,2%
- Karlar 22 29,8%

7.vi Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum

Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Samanl.	%
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		
20 - 29	2				2	3,4%
30 - 39	4	4		1	9	15,5%
40 - 49	3	14	1	2	20	34,5%
50 - 59	7	9		1	17	29,3%
60 - 69	1	5	1	3	10	17,2%
Samanlagt	17	32	2	7	58	100,0%

7.vii Menntun kennara og stjórnenda

Menntun kennara og stjórnenda	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Samanl.	%
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		
BA			1		1	1,7%
MA/MS/PhD+UK	5	17	1	5	28	48,3%
BA/BS+UK	11	10		2	23	39,7%
Fagkennari+UK	1	5			6	10,3%
Samanlagt	17	32	2	7	58	100,0%

7.viii Starfsaldur kennara og stjórnenda

Starfsaldur kennara og stjórnenda	Í fullu starfi		Í hlutastarfi		Samanl.	%
	Karlar	Konur	Karlar	Konur		
0-5	4	7	1	1	13	22,4%
6-10	8	10		2	20	34,5%
11-15	4	7		2	13	22,4%
16-20	1	1	1		3	5,2%
21-25		3			3	5,2%
26-30		4		2	6	10,3%
Samanlagt	17	32	2	7	58	100,0%

7.ix Kennsluhættir í FG

Kennsluhættir í FG eru fjölbreyttir eins og gefur að skilja í stórum skóla. Á undanföllum árum hefur það verið markviss stefna að auka verkefnavinnu nemenda og að auka samvinnu þeirra. Til að koma



til móts við aukna verkefnavinnu nemenda höfum við komið upp svokölluðum verkefnastofum. Verkefnastofa er stofa með fimmtán tölvum (fartölvum), borðum er þannig raðað upp að tvær til þrjár tölvur eru á hverju borði fyrir fjóra til fimm nemendur. Flestir kennarar nota verkefnastofurnar þannig að 50% tímans eru kennarar í verkefnastofu með hóp sinn og 50% í annar stofu. Þetta styður aukna verkefnavinnu og samvinnu.

Síðastliðið haust byrjuðum við með svokallaðar smiðjur. Smiðja virkar þannig að 10 mínútur eru teknar af öllum kennslutímum. Þær mínútur sem standa útaf er komið fyrir við lok dags í smiðjum, þar eru kennarar í fjörtíu mínútur með tíma með færri nemendum. Það sem við vonumst til að vinna með þessari nýbreytni er að koma til móts við einstaka nemendur, auka einstaklingmiðað nám, koma til móts við nemendur sem misst hafa úr eða eiga í erfiðleikum í námi. Þetta er tilraun hjá okkur og enn er óvíst hvernig þetta fyrirkomulag kemur út.

Á undanförunum árum höfum við unnið markvisst að ritun og heimildavinnu. APA kerfið hefur verið tekið upp í flestum áföngum og nemendur þjálfaðir í vandaðri heimildavinnu.

Ýmislegt annað hafa kennarar skólans gert tilraunir með eins og flippaða kennslu í stærðfræði, notkun á facebook í kennslu og margt annað. Það er óhætt að segja að kennsluaðferðir og námsmat er fjölbreytilegt í skólanum

8 Fjármál skólans

Árið 2013 gekk framur vonum og munar þar mestu um viðbótarframlag frá ríkinu vegna brotthvarfsverkefnis. Við upphaf skólaárs var staða skólans neikvæð um 5,6 milljónir króna. Í árslok er búið að minnka þann halla niður í rúm 700 þúsund krónur þannig að það var tæplega 5 milljóna króna rekstrarafgangur innan ársins. Þó staðan sé ekki ýkja slæm er ástæða til að hafa áhyggjur af fjárframlögum til skólans. Of litlu er eytt í eignakaup og viðhald búnaðar hefur setið á hakanum. Ítrasta sparnaðar er gætt á öllum sviðum og hefur ekkert svigrúm verið til að takast á við áföll eða mikil veikindi.

Á töflunni hér á eftir sést áætlun fyrir 2014 og kemur þar einnig fram niðurstaða ársins 2013. Þar sést að ýmsir liðir fóru fram úr áætlunum. Laun eru tæpar fjórar milljónir umfram áætlanir og munar þar mestu um kostnað vegna veikinda starfsmanna. Útgjöld vegna sérfræðiþjónustu, síma og prentunar er tæpum tveimur milljónum umfram áætlun og skýrist það að einhverju leyti með óvæntum kostnaði vegna tölvukerfisins í upphafi árs 2013. Húsnæðiskostnaður er einnig tæpar tvær milljónir umfram áætlun og skýrist það af hækkun á leigu íþróttahúss og hækkun á rafmagni og heitu vatni. Almennur rekstrarkostnaður er rúma eina og hálf milljón undir áætlun og eignakaup rúmar tvær milljónir undir áætlun.


Heildarrekstrarkostnaður er 4,8 umfram áætlun en fjárheimildir og tekjur jukust meira en útgjöld og því var heildarniðurstaða fjórum milljónum betri en gert var ráð fyrir í upphafi árs.

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Rekstraráætlun 2014

Helstu liðir	Árið 2013	Áætlun 2014	Áætlun 2013	Mism. kr	Mism %
13 Aðrar rekstrartekjur	-18.963.311	-20.002.707	-19347995	-384.684	2,03%
11 Markaðar tekjur	0	0	0	0	
12 Sértekjur	-25.651.384	-26.145.923	-21.103.523	4.547.861	-17,73%
Tekjur alls	-44.614.695	-46.148.630	-40.451.518	4.163.177	-9,02%
01 Laun	483.163.498	496.377.117	479.436.715	-3.726.783	-0,77%
02 Ferðir og fundir	5.587.604	8.616.286	4.924.737	-662.867	-11,86%
03 Rekstrarvörur	11.610.569	11.961.624	13.212.027	1.601.458	13,79%
04 Aðkeypt þjónusta	19.263.507	18.777.408	17.305.407	-1.958.100	-10,16%
05 Húsnæði	60.100.062	61.950.018	57.573.978	-2.526.084	-4,20%
06 Bifreiðar og vélar	0	0	119.999	119.999	
07 Rekstrarkostnaður	5.624.447	7.853.587	7.972.217	2.347.770	41,74%
Rekstrarkostnaður	585.349.687	605.536.040	580.545.080	-4.804.607	-0,82%
Mismunur	540.734.992	559.387.410	540.093.562	-641.430	-0,11%
Tala til afstemmingar	536.809.301	559.387.410			
Til ráðstöfunar					
skv. fjárlögum	535.300.000	554.860.000			
frá fyrra ári	-5.682.628	-709.804			
annað	10.407.816	6.000.000			
Fjárheimildir alls	540.025.188	560.150.196			

Rekstrarafkoma ársins -709.804 Halli 762.786 ## Afgangur



Upplýsingar um framhaldsskóla

Skóli: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Stærð skóla, fjöldi nem og starfsmanna

FG er skóli með um 850 nemendum og um 79 starfsmönnum í 5.685 fermetra húsnæði. Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2014 eru 770.

Námsframboð

FG er áfangaskóli með sjö stúdentsbrautir og átta fyrirhugaðar styttri brautir. Í skólanum er jafnframt fjögurra ára starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Nemendur í dagskóli eru 85,6%, í fjarnámi 11% og í kvöldskóla 3,4%.

Sérverkefni, þróunarstarf

Skólinn tekur þátt í brotthvarfsverkefni mrn.

Matsaðferðir og umbótaþættir skv. skýrslu

Skólinn hefur gert sjálfsmatsáætlun og skilar árlegri skýrslu. Sjálfsmatsskýrsla er birt á heimasíðu skólans.

Úttektir

Skólinn var tekinn út af mrn á vorönn 2013. Niðurstöður ásamt viðbragðsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.

Kennslumat er framkvæmt í hverjum áfanga á hverri önn.

Skólinn tók út kennslu í ensku á vorönn 2012 og í íþróttagreinum vorið 2013.

Afkoma, rekstrarstaða

Áramótastaða í lok árs 2012 var neikvæð um 700 þúsund.

Brottfall

Samkvæmt skráningu skólaráðs hættu 26 nemendur á vorönn 2013 og 18 á haustönn 2013.

81,1% skráðra nemenda í fjarnámi skiluðu sér í próf á vorönn 2013 og 81,6% á haustönn 2013

Stjórnun

Auk skólameistara er aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, fjármálastjóri, skrifstofustjóri, húsvörður og kennslustjórar.

Samvinna við aðra

Kennarar í FG semja próf og leggja fyrir nemendur í Garðaskóla sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum.

Nemendur í Sjálandsskóla og á Álftanesi stunda nám í fjarnámi í FG.

Fundað er annað hvert ár með grunnskólakennurum í Garðabæ og á Álftanesi.

Skólinn er með afrekssvið fyrir iðkendur í knattspyrnu hjá Stjórnunni. Viðræður eru í gangi við GKG um svipað samstarf varðandi golfiðkendur.



Samvinna var við Tónlistarskóla Garðabæjar, Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Tónlistarskóla FÍH um uppbyggingu tónlistarbrautar.

Stjórnendur skólans eru í talsverðu samstarfi við stjórnendur Garðabæjar.

Skólinn er þátttakandi í Comeniusarverkefni ásamt Garðabæ við Southend on Sea í Bretlandi.

Leiklistarbraut skólans er þátttakandi í verkefni á vegum Ungt fólk í Evrópu.

Skólinn er í samstarfi við Garðasókn um Gospelkór Jóns Vídalíns.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans

FG er almennur framhaldsskóli með fjölbreytt námsframboð. Sérstök áhersla er á listnám og er þar boðið upp á fjórar leiðir. Leiklist, myndlist, textíl- og fatahönnun og tónlist. FG sinnir fjölbreyttum hópi nemenda og er helsta upptökusvæði skólans Garðabær og Álftanes.

Mjög mikilvægt er að bæta aðstöðu fyrir listnám og starfsbrautarkennslu við skólann.